



Samráðshópur um málefni aldraðra Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

7. fundur Samráðshóps um málefni aldraðra í Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, föstudaginn 5. mars 2024 kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Sigríður Kolbrún Oddsdóttir

Kristín Karólína Karlsdóttir

Þorkell Gunnarsson

Guðrún Margrét Njálsdóttir

Guðrún Ása Kristleifsdóttir, heilsu- og tómstundafulltrúi

Fundargerðina ritaði Guðrún Ása.

1. Starf framundan

- *Vandamál við að koma skilaboðum á eldra fólk eftir að hætt var að dreifa Hvatarblaðinu í hús.*
- *Setja upp dagskrá fram á vorið og setja á heimasíður, Facebook og hengja upp á stöðum þar sem eldra fólk er líklegt til að koma.*
- *Festa mánaðarlega samkomu á bókasafninu yfir vetrartímann og svo bæta mánaðarlegum göngum við á sumrin.*
- *Reyna að bjóða upp á fleiri hreyfinámskeið, bjóða upp á kennslu í útskurði auk þess að fá gleðifyrirllestur frá Eddu Björgvins. (GÁsa talar við Eddu)*
- *Byrja að skoða hótél fyrir vorið 2025, helst á suðurlandi og með möguleika á dagsferð til Vestmannaeyja.*

2. Öldungaráð Uppsveita og Flóa

Rætt um ráðið og hlutverk þess.

Í tengslum við það var rætt um lækniþjónustu á svæðinu, hjúkrunarheimili og þjónustubúðir fyrir aldraða.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 14:00